

**Nd. 274. Frumvarp til laga [125. mál]**

um breyting á lögum nr. 55/1950, um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Flm.: Ólafur Thors, Emil Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna „15 millj. kr.“ í 1. gr. laganna komi: 25 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Heildarkostnaður við hafnargerðina í Keflavík og Njarðvík nemur nú rúmum 15 millj. kr., og verður því ekki lengur fram haldið hafnargerðinni, nema heimild fáið til þess að vinna fyrir hærri upphæð en þá, sem nú er ákveðin í 1. gr. laganna frá 1950.

Talið er, að mikil fjölgun fiskibáta verði í höfn þessari á n. k. vertíð. Telur hafnarstjórnin, að bátarnir muni nú verða um 40 í stað 25 áður. Þessi fjölgun — og væntanlega enn meiri fjölgun síðar — krefst aukins afgreiðslupláss. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að heimila aukna mannvirkjagerð í höfninni í þessu skyni o. fl. fyrir 10 millj. kr.

Tekjur hafnarinnar nema nú um 1½ millj. kr. á ári og eru stöðugt vaxandi, enda er þessi höfn nú tekjuhæsta höfnin á landinu utan Reykjavíkur. Eru því fullir möguleikar á, að höfnin geti staðið undir lánnum sínum, eins og lög gera ráð fyrir.